

Jöfnuður á Íslandi 1991–2007

Hannes H. Gissurarson, prófessor, stjórnmálafræðideild HÍ

Útdráttur

Stefán Ólafsson og Arnaldur Sölvi Kristjánsson telja sig hafa hrakið fjórar kenningar mínar eða tilgátur, sem settar voru fram 2007 með tilvísun til gagna frá 2004, að jöfnuður hefði frekar aukist en minnkað á Íslandi 1995–2004, að tekjuskipting hefði á því tímabili orðið eitthvað ójafnari, en væri samt í lok þess ein hin jafnasta í heimi, að rangt væri, að tekjuskipting hafði þá færst verulega frá því, sem tíðkaðist á Norðurlöndum, og að skattabreytingar 1991–2007 hefðu ekki aukið óréttlæti eða ójöfnuð, þótt dregið hefði úr jöfnunaráhrifum skattlagningarinnar. Hér leiði ég rök að því, að þeir hafi síður en svo hrakið þessar kenningar mínar eða tilgátur. Þeir hafa ekki gætt að því, við hvaða tímabil ég miðaði, og misskilið, hvernig ég notaði hugtök eins og óréttlæti, ójöfnuð og jöfnun. Til dæmis þarf ójöfn tekjuskipting ekki að vera óréttlát, jafnframt því sem sumir telja skattlagningu í jöfnunarskyni óeðlilega. Einnig bendi ég á, að þeir Stefán og Arnaldur Sölvi viðurkenna, að tekjuskipting hér hafi árið 2004 ekki verið ójafnari en annars staðar á Norðurlöndum, sem var ein meginniðurstaða mín. Loks reyni ég að skýra, hvar okkur greini á, en það sé aðallega um það, hvort áhyggjuefnið eigi að vera hinir ríku eða hinir fátæku.

Inngangur

Í nýlegri ritgerð (2012) gagnrýna Stefán Ólafsson og Arnaldur Sölvi Kristjánsson fimm kenningar mínar eða tilgátur í ritgerð um jöfnuð, tekjuskiptingu og skattlagningu á Íslandi 1991–2007, en þó sérstaklega árin 1995–2004 (Hannes H. Gissurarson 2007b). Til hægðarauka töluset ég þessar kenningar mínar eða tilgátur og vísa síðan til þeirra í svigum:

- (1) „Því má raunar halda fram með nokkrum rökum [...] að jöfnuður hafi aukist á Íslandi.“
- (2) „Þótt tekjuskipting á Íslandi hafi orðið eitthvað ójafnari er hún samt ein hin jafnasta í heimi.“
- (3) „Það er því úr lausu lofti gripið að tekjuskipting á Íslandi hafi færst frá því sem tíðkast á Norðurlöndunum, í svipað horf og í Bretlandi.“
- (4) „Skattabreytingar síðustu sextán ára hafa ekki aukið óréttlæti eða ójöfnuð í landinu.“
- (5) „Vissulega hefur dregið úr jöfnunaráhrifum skattlagningarinnar [...].“

Gagnrýni þeirra Stefáns og Arnalds Sölva er af tvennum toga. Í fyrsta lagi séu röklegar mótsagnir í máli mínu. Ekki sé unnt að halda því tvennu fram í einu, að jöfnuður hafi hugsanlega aukist á Íslandi (1), á meðan tekjuskiptingin hafi orðið ójafnari (2). Ekki sé heldur unnt að halda því tvennu fram í einu, að skattabreytingar síðustu sextán ára hafi ekki aukið óréttlæti eða ójöfnuð í landinu (4), á meðan eitthvað hafi dregið úr jöfnunaráhrifum skattlagningarinnar (5). Í öðru lagi séu sumar þessar fullyrðingar mínar efnislega rangar (2, 3 og 4), þar eð þær rekist á staðreyndir um tekjuskiptingu og skattlagningu á Íslandi. Margt má segja um málf lutning þeirra Stefáns og Arnalds Sölva, en hér mun ég einskorða mig við að rökstyðja, að þessi gagnrýni þeirra á kenningar mínar og tilgátur sé óréttmæt.

1. Er jöfnuður nauðsynlega jöfn tekjuskipting?

Skodum fyrst þá gagnrýni þeirra Stefáns og Arnalds Sölva, að mótsögn sé á milli þess, að jöfnuður aukist, en tekjuskipting verði ójafnari. Þetta fer vitanlega eftir því, hvaða merking er lögð í þessi orð. Í ritgerð minni ræddi ég þetta sérstaklega og nefndi nokkur dæmi um það, að í íslensku máli að fornu hefðu þeir menn verið kallaðir ójafnaðarmenn, sem neyttu aflsmunar, gerðust sekir um ofríki og yfirgang. Síðan sagði ég (Hannes H. Gissurarson 2007b, 214): „Jöfnuður var þá eftir sömu hugsun, að menn væru jafnir fyrir lögunum, hvort sem þeir hefðu sömu tekjur eða ekki.“ Síðan benti ég á, að sumir hefðu á tuttugustu öld tekið að nota jafnaðarhugtakið um annað, að ríkið tryggði mönnum með valdboði svipaðar tekjur óháð framlagi. Eðlilegra væri hins vegar að nota orðið „jöfnun“ um það. Jöfnun tekna þarf ekki að merkja aukinn jöfnuð. Þess vegna lagði ég til, að notað yrði orðalagið „ójafnari tekjuskiptingu“ eða „jafnari“, þar sem Stefán Ólafsson ræddi um „aukningu ójafnaðar“ eða „minnkun“. Þá tala menn sama mál í stað þess að nota hugtök á ólíka vegu.

Hugsum okkur tvö dæmi til skýringar. Heimsfrægur hagfræðingur, Friedman að nafni, kemur til Íslands, auglýsir fyrirlestur í Súlnasal Hótel Sögu og setur upp 20 þúsund króna aðgangseyri á mann. 500 manns fara á fyrirlesturinn og hverfa af honum hinir ánægðustu. Tekjuskiptingin er vissulega orðin ójafnari: Friedman er tíu milljón krónum ríkari, en 500 Íslendingar hver 20 þúsund krónum fátækari. En hvar er ójöfnuðurinn í þeirri merkingu, sem ég legg í orðið? Hvergi var neytt aflsmunar eða beitt ofríki eða yfirgangi. (Sbr. Nozick 1974, 160–164.) Annað dæmi er, að tvær stúlkur salta í ákvæðisvinnu síld niður í tunnur á Siglufirði. Önnur saltar niður í tuttugu tunnur á sama tíma og hin saltar niður í tíu. Önnur fær 20 þúsund krónur að launum, hin 10 þúsund krónur. Tekjuskiptingin er vissulega orðin ójafnari. En hvar er ójöfnuðurinn í minni merkingu orðsins? Hvergi var neytt aflsmunar eða beitt ofríki eða yfirgangi.

Menn geta vitaskuld haft ýmsar skoðanir á því, hvort ríkið eigi að jafna þá tekjuskiptingu, sem varð við frjálst val einstaklinga, þegar Friedman seldi inn á fyrirlestur sinn og síldarstúlkurnar kepptust við að salta niður í tunnur. En ástæðulaust er að kenna niðurstöðurnar í þessum dæmum við ójöfnuð í þeirri merkingu, sem ég lagði í orðið og á sér ríka stoð í íslenskri málvenju. Það er síðan athyglisvert, hvernig fullyrðing mín er í heild, því að þeir Stefán og Arnaldur Sölvi sleppa ekki aðeins úr

orðum í henni miðri, eins og þeir sýna vissulega með úrfellingarmerki, heldur líka í lokin. Verður það til þess, að merking raskast hjá þeim. Ég sagði (Hannes H. Gissurarson 2007b, 228) um tímabilið frá 1991: „Því má raunar halda fram með nokkrum rökum, þótt erfitt sé eðli málsins samkvæmt að styðja það tölulegum gögnum, að jöfnuður hafi aukist á Íslandi, því að skömmtnunarvald stjórnmála- og embættismanna hefur stórminkað og aðgangur orðið greiðari út á markaðinn, jafnframt því sem tækifærum til að brjótast úr fátækt í bjargálnir hefur fjölgað.“

Sjá má af þessu, að ég notaði jöfnuð um það, þegar menn eru jafnir fyrir lögnum og sumir njóta ekki friðinda á kostnað annarra eða í skjóli skömmtnunarvalds. Samsvarar hugtakið því helst, sem kallað er „equity“ á ensku, en það er nátengt „impartiality“ og „fairness“, óhlutdrægni og sanngirni. Dæmi um ójöfnuð eftir þessari hugsun er, þegar útlán úr bönkum eru niðurgreidd með vöxtum neðan markaðsvaxta, svo að bankastjórar úthluta í raun gjöfum. Annað dæmi er af höftum, þegar sumir fá vegna stjórnmálaaðstöðu, vináttu eða frændsemi innflutnings- eða gjaldeyrisleyfi, sem öðrum stendur ekki til boða. Þriðja dæmið er, þegar sumir hljóta styrki eða fyrirgreiðslu til atvinnustarfsemi sinnar, en aðrir ekki. Við Íslendingar þekkjum allt þetta vel frá fyrri árum (Jakob F. Ásgeirsson 1988). Í þessari merkingu eykst jöfnuður, þegar vextir verða frjálsir, innflutnings- og gjaldeyrishöft hverfa og skömmtnunarvald snarminnkar. Menn geta auðvitað deilt um, hvort slíkur jöfnuður hafi aukist á Íslandi á árunum eftir 1991, en ekkert af því, sem þeir Stefán og Arnaldur Sölvi varpa fram í ritgerð sinni, veikir þessa tilgátu mína. Andmæli þeirra snúast öll um það, að tekjuskipting hafi orðið ójafnari á Íslandi 1991–2007, sem enginn ágreiningur er um.

2. Var tekjuskipting hér 2004 svipuð og á Norðurlöndum?

Snúum okkur þessu næst að hinum efnislegu kenningum mínum eða tilgátum um tekjuskiptingu á Íslandi, sem þeir Stefán og Arnaldur Sölvi telja sig hrekja. Þær voru, að tekjuskipting hefði árin 1995–2004 orðið eitthvað ójafnari á Íslandi en áður, en væri samt samkvæmt síðustu tölum ein hin jafnasta í heimi (2), og að það væri úr lausu lofti gripið, að hún væri árið 2004 komin langt frá því, sem tíðkaðist á Norðurlöndum, og í svipað horf og í Bretlandi (3). Tók ég skýrt fram í ritgerð minni, að ég miðaði við þróunina til 2004, enda voru þá aðeins til tölur um hana. Með tölum frá 2005–2007 verður tilgáta mín vitanlega ekki hrakin. Ég sagði (Hannes H. Gissurarson 2007b, 222): „Í yfirgripsmikilli könnun Evrópusambandsins á tekjuskiptingu og fátækt (2007) er miðað við atvinnutekjur og aðrar fjármagnstekjur en söluhagnað af hlutabréfum. Samkvæmt þeirri könnun var Gini-stuðull um ráðstöfunartekjur hjóna og sambýlisfólks eftir skatt á Íslandi árið 2004 0,25. Hann var örlitlu lægri í Svíþjóð og Danmörku, en nokkru hærri í Finnlandi og Noregi, og talsvert hærri í Bretlandi, eins og sjá má á mynd 4. Það er því úr lausu lofti gripið, að tekjuskipting á Íslandi hafi færst frá því, sem tíðkast á Norðurlöndum, í svipað horf og í Bretlandi.“

Tekjuskipting á Norðurlöndum var samkvæmt þessari könnun Evrópusambandsins (Hagstofa Íslands 2007) ein hin jafnasta í heimi, og tekjuskipting á Íslandi var í svipuðu fari 2004 og hjá hinum norrænu þjóðunum. Raunar viðurkenna þeir Stefán og Arnaldur Sölvi sjálfir þessa niðurstöðu úr mælingum Evrópusambandsins, því að

þeir segja (2012, 61), að Ísland hefði „verið enn á svipuðu róli og hinar norrænu þjóðirnar 2004“ í tekjuskiptingu. Þetta var hins vegar allt annað en Stefán Ólafsson hafði áður sagt opinberlega (2006c) um tekjuskiptinguna árið 2004: „Lengst af voru Íslendingar á svipuðu róli í skiptingu tekna og lífskjara og frændþjóðirnar á hinum Norðurlöndunum (sjá t.d. bókina Íslenska leiðin, útg. 1999). Árið 2004 er Ísland hins vegar komið í hóp ójafnari þjóðanna í Evrópu og nalgast Bandaríkin óðfluga, en þeir hafa verið með ójöfnustu tekjuskiptinguna í hópi ríku þjóðanna á Vesturlöndum um langt árabil.“

Ég geri engan ágreining við þá Stefán og Arnald Sölva um það, að tekjuskipting varð almennt ójafnari á Íslandi 1995–2004 eins og víðast annars staðar. En ég vísaði því á bug í ritgerð minni (2007b, 222), að tekjuskiptingin árið 2004 væri orðin hér miklu ójafnari en annars staðar á Norðurlöndum. Um það deildi ég þá við Stefán Ólafsson, og fagna ég því, að hann skuli nú (Stefán Ólafsson og Arnaldur Sölvi Kristjánsson 2012, 61) viðurkenna það, þótt hann hafi haldið öðru fram áður. Ég get bætt því við, þótt það komi þessu máli ekki sérstaklega við, að ég geri engan ágreining heldur um hvort tveggja, að tekjuskiptingin varð eins og við var að búast talsvert ójafnari í lánsfjárbólunni, sem hófst 2004 og sprakk 2008, og talsvert jafnari eftir það.

3. Juku skattabreytingar 1991–2007 óréttlæti eða ójöfnuð?

Víkjum loks að tveimur tilgátum mínum um skattabreytingarnar 1991–2007, að þær hefðu ekki aukið óréttlæti eða ójöfnuð (4), þótt dregið hefði úr jöfnunarhrifum skattlagningarinnar (5). Þetta telja þeir Stefán og Arnaldur Sölvi í senn röklega mótsögn og efnislega rangt. Aftur hlýt ég að minna á, í hvaða merkingu ég notaði orðið „ójöfnuð“, um það, að aflsmunar sé neytt eða ofríki og yfirgangi beitt, svo að menn séu ekki jafnir fyrir lögnum. Rifjum upp, hverjar þessar skattabreytingar voru helstar. Aðstöðugjald á fyrirtæki og eignaskattur var hvort tveggja felldur niður, einnig sérstakur skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, hátekjuskattur var felldur niður, virðisaukaskattur á suma vöru var lækkaður og einnig ýmsir tollar og vörugjöld, erfðafjárskattur og tekjuskattur á fyrirtæki og einstaklinga voru lækkaðir og tekinn upp tiltölulega lágur fjármagnstekjuskattur, en áður höfðu fjármagnstekjur ýmis verið skattfrjálsar eða skattlagðar sem atvinnutekjur.

Því má vissulega halda fram, eins og ég gerði (Hannes H. Gissurarson 2007b), að sumar þessar skattabreytingar væru í átt til meiri jafnaðar og réttlætis. Aðstöðugjald þótti til dæmis óréttlátur skattur, því að hann var greiddur af öllum umsvifum fyrirtækja óháð afkomu. Stórt fyrirtæki, sem tapaði miklu, greiddi miklu hærri skatt en lítið fyrirtæki, sem græddi mikið. Sérstakur skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði þótti einnig óréttlátur, því að með honum var húseigendum mismunað eftir því, hvort þeir notuðu eignir sínar undir verslanir og skrifstofur eða undir aðra starfsemi. Eignaskattur þótti óréttlátur, vegna þess að þá voru eignamenn tvískattlagðir: Fyrst höfðu þeir greitt tekjuskatt af þeim tekjum, sem þeir höfðu sparað saman til að mynda eignir sínar, og síðan þurftu þeir að greiða af þeim sérstakan eignaskatt. Sama röksemd átti við um erfðafjárskatt, nema hvað þá var fjármagnnið þrískattlagt, fyrst sem tekjur, síðan sem eignir og loks sem það, sem eftir stóð af eignunum, þegar

eigandinn féll frá. Það skal hins vegar viðurkennt, að lækkun virðisaukaskatts á ýmsa vöru gekk í öfuga átt, því að þannig var kaupendum ólíkrar vöru mismunað. Við það minnkaði jöfnuður, en líklega ekki eins mikið og hann hafði aukist við aðrar skattabreytingar.

Eflaust eiga þeir Stefán og Arnaldur Sölvi þó aðallega við það í gagnrýni sinni, að sumar þessar skattabreytingar, svo sem niðurfelling eignaskatts og hátekjuskatts, upptaka tiltölulega lágs fjármagnsskatts og almenn lækkun tekjuskatts, hafi dregið úr jöfnunaráhrifum skattlagningarinnar. Það er rétt, eins og ég benti á (Hannes H. Gissurarson 2007b, 228). En jókst við það óréttlæti eða ójöfnuður? Ég hef hér bent á, að það er ekki sjálfkrafa óréttlátt, að sumir hafi meiri tekjur en aðrir. Það er ekki heldur sjálfkrafa óréttlátt, að skattbyrðin lendi á öllum, en ekki aðeins hinum tekjuhærri. Sumir hagfræðingar og heimspekingar ganga raunar lengra og telja beinlínis ranglætt að skattleggja hina tekjuhærri án samþykkis þeirra í því skyni einu að flytja féð til hinna tekjulægri (Buchanan 2000, Jouvenel 1990, Nozick 1974). Þá séu þeir, sem skapa mestu verðmætin og hafa þess vegna háar tekjur, neyddir til að vinna fyrir þá, sem leggja miklu minna til verðmætasköpunarinnar. Hvers vegna á að neyða þá til þess? Ef þeir vilja gefa þeim af sjálfsaflafé sínu, þá er þeim það heimilt. En með hvaða rökum er innheimtur af þeim skattur (með hótunum um ofbeldi, eins og ríkið gerir jafnan, sbr. Weber 1973, 120) til þess eins að flytja það til annarra?

Þótt menn telji ekki skattlagningu í tekjujöfnunarskyni réttlætiskröfu, geta þeir tekið undir, að menn skuli greiða svipað hlutfall af jafnháum tekjum í skatta. Stefán Ólafsson kvartaði til dæmis undan því (2006a, 147), að „skattalagning á fjármagnstekjur var færð í 10% á meðan greiða þurftu af launatekjum yfir skattleysismörkum hátt í 40%“. Hann endurtekur þessa fullyrðingu í ritgerðinni með Arnaldi Sölva (2012, 60). En þetta var misskilningur. Í fyrsta lagi vanmat Stefán skattbyrði fjármagnseigenda um og eftir 2004. Þeir greiddu þá í raun meira en 10% skatt af tekjum sínum. Ef þeir áttu til dæmis fyrirtæki, á meðan tekjuskattur á fyrirtæki var 18%, þá greiddu þeir fyrst 18% tekjuskatt af hreinum hagnaði og greiddu sjálfum sér síðan 82% í arð og af þeim 10% í fjármagnstekjuskatt eða 8,2%, svo að þeir greiddu í raun $18+8,2=26,2\%$ af tekjum sínum í skatt. Auk þess þurftu þeir að reikna sér endurgjald, sem þeir greiddu tekjuskatt af. Í öðru lagi ofmat Stefán skattbyrði launamanna. Tekjuskattur af launatekjum var ekki alveg flatur vegna skattleysismarkanna. Ef gert er ráð fyrir, að fyrstu 90 þúsund krónurnar væru skattfrjálsar, þá greiddi maður með 90 þúsund króna mánaðarlaun 0% af tekjum sínum í tekjuskatt. Maður með 270 þúsund króna mánaðarlaun greiddi í raun 24% af tekjum sínum í tekjuskatt, og svo koll af kolli.

Í þessu sambandi hélt Stefán því fram (2006b), að skattar hefðu verið hækkaðir óbeint á láglaunafólk frá 1991 með því að tengja ekki skattleysismörk við launavísitölu. En það hefði verið örökrétt, því að þá hefðu tekjulægstu hóparnir aldrei greitt neina skatta, jafnvel þótt tekjur þeirra hefðu hækkað verulega og þeir orðið prýðilega aflögufærir. Eðlilegra var að tengja skattleysismörkin við vísitölu neysluvöruverðs, eins og gert var 2007. En hafa verður þá í huga, að skattleysismörk lækkuðu í raun 1995 og 1999, þegar ákveðið var að undanþiggja lífeyrisgreiðslur og lífeyrissparnað tekjuskatti. Þegar það er metið, kemur í ljós, að skattleysismörk voru svipuð allt

tímabilið 1991–2007. Því er við að bæta, að skattleysismörk voru hærri á Íslandi en víðast í grannríkjunum (Hannes H. Gissurarson 2009, 60–61).

4. Niðurstaða og umræður

Ríkið leggur á skatta í því skyni að afla fjár til starfsemi sinnar, svo sem að halda uppi landvörnum og lögum og reglu. Það er alls ekki óumdeilt, að eitt verkefni þess eigi að vera að endurdreifa tekjum frá hinum tekjuhæstu til hinna tekjulægstu, þótt hins vegar séu flestir sammála um, að ríkinu beri að tryggja þeim, sem ekki geta séð sér farborða af eigin rammleik, mannsæmandi líf með almannafé. Og þegar því er hér hafnað, að skattlagning í tekjujöfnunarskyni sé réttlætiskrafa, eins og þeir Stefán Ólafsson og Arnaldur Sölvi Björnsson virðast ganga að vísu (án þess að rökstyðja það nánar), er vitaskuld við það miðað, að tekjur manna hafi myndast á frjálsum markaði, við óheft val einstaklinga, til dæmis þegar Friedman seldi inn á fyrirlestur sinn eða síldarstúlkurnar tvær söltuðu niður í tunnur. Ekki er hér gert ráð fyrir hinu, að þeirra hafi verið aflað í skjóli friðinda eða skömmtunarvalds. Andstæðingar víðtækrar skattlagningar í tekjujöfnunarskyni vara síðan við, að vinnufýsi manna og sköpunargleði geti minnkað við mikla skattlagningu (Prescott og Wallenius 2007; Blum og Kalven 1966). Menn vinni betur fyrir sjálfa sig en aðra. En andstæðingar víðtækrar skattlagningar í tekjujöfnunarskyni eru vitaskuld ekki sjálfkrafa þess vegna hlynntir óréttlæti eða ójöfnuði. Þeir hafa aðeins aðrar stjórnmálaskoðanir og nota orð í annarri merkingu en þeir Stefán og Arnaldur Sölvi.

Niðurstaðan er því sú, að allar fimm kenningar mínar og tilgátur standa óhaggaðar, þegar þær hafa verið skýrðar nánar, eins og ég taldi mig raunar gera í ritgerð minni (2007b). Feitletra ég hér þessar viðbótarskýringar mínar:

- (1) „Því má raunar halda fram með nokkrum rökum [...] að jöfnuður í *merkningunni óblutdrægni eða sanngirni* hafi aukist á Íslandi frá 1991.“
- (2) „Þótt tekjuskipting á Íslandi hafi orðið eitthvað ójafnari er hún samt *árið 2004* ein hin jafnasta í heimi.“
- (3) „Það er því úr lausu lofti gripið að tekjuskipting á Íslandi hafi *frá 1995 til 2004* færst frá því sem tíðkast á Norðurlöndunum, í svipað horf og í Bretlandi.“
- (4) „Skattabreytingar síðustu sextán ára hafa ekki aukið óréttlæti eða ójöfnuð (*í þeirri merkingu, að einn hópur hafi beitt annan ofríki eða óeðlileg mismunun hafi aukist*) í landinu.“
- (5) „Vissulega hefur dregið úr jöfnunaráhrifum skattlagningarinnar [...].“

Ég skal hér að lokum reyna að taka saman, í hverju ágreiningurinn milli mín og þeirra Stefáns og Arnalds Sölva kann að einhverju leyti að vera fölginn. Þeir benda réttilega á það (2012, 50), að tekjur hinna tekjulægstu á Íslandi jukust ekki eins hratt árin 1995–2004 (en þau ár ræddi ég um í ritgerð minni) og tekjur hinna tekjuhæstu. En skiptir ekki meira máli, að tekjur hinna tekjulægstu á Íslandi jukust á þessu tímabili hraðar en í flestum öðrum Evrópuríkjum og tvöfalt hærri en í ríkjum OECD?

(Hannes H. Gissurarson 2009, 117.) Skiptir ekki meira máli, að kjör hinna tekjulægstu voru þrátt fyrir allt árið 2004 einhver hin bestu í heimi (Hagstofa Íslands 2007), þegar þau eru borin saman við kjör hinna tekjulægstu í öðrum löndum? Svareð fer auðvitað eftir því, hvort við höfum áhyggjur af hinum ríku eða hinum fátæku. Er bölgildið í því, að einhverjir séu ríkari en við? Eða í hinu, að einhverjir séu fátækari? Margir svara því til, að það sé fagnaðarefni, ef einhverjir verði ríkari en við. Það sé hins vegar áhyggjuefni, ef einhverjir séu fátækari en við, sérstaklega ef þeir hafi ekki möguleika á að brjótast út úr slíkri fátækt. Aðalatriðið sé ekki að auðvelda fólki að sitja föstu í fátækt, heldur að opna leiðir fyrir það út úr fátæktinni.

Bandaríski heimspekingurinn John Rawls hefur iðulega verið talinn einn helsti hugmyndasmiður nútímalegrar jafnaðarstefnu. Hann setti (1971) fram fróðlega kenningu um réttlæti. Samkvæmt henni var það skipulag réttlátast, þar sem kjör hinna fátækustu eða tekjulægstu væru eins góð og þau gætu framast orðið. Tekjumunur réttlætist aðeins af því, að hinir tekjulægstu væru betur settir við hann en við jafnar tekjur. Þetta kallaði hann „hámörkun lágmarksins“. Margt má segja um þessa kenningu Rawls (Hannes H. Gissurarson 2007a). En setjum svo, að við eigum í ljósi hennar að velja milli tveggja landa. Í öðru landinu séu mánaðartekjur hinna fátækustu 200 þúsund krónur og hinna ríkustu 900 þúsund krónur. Í hinu séu mánaðartekjur hinna fátækustu 150 þúsund krónur og hinna ríkustu 300 þúsund krónur. Þótt tölurnar séu valdar af handahófi, gæti fyrrnefnda landið heitið „Connecticut“ eftir einu ríki Bandaríkjanna og síðarnefnda landið „Svíþjóð“ eftir einu ríki Evrópusambandsins. Hið fyrrnefnda gæti líka heitið „Ísland árið 2004“ og hið síðarnefnda „Ísland árið 2012“. Hvort ríkið er ákjósanlegra? Ég segi með Rawls, að hið fyrrnefnda sé það, ekki aðeins vegna þess að kjör hinna fátækustu eru þar ívið betri, heldur líka vegna þess að sennilega hafa þeir þar fleiri tækifæri til að brjótast út úr fátækt. Ég veit ekki, hvernig þeir Stefán Ólafsson og Arnaldur Sölvi Kristjánsson svara spurningunni, en hitt er ljóst, að „jöfnuður“ í merkingu þeirra (en ekki minni) er meiri í fyrrnefnda ríkinu.

Heimildir

- Blum, W.J., og Kalven, H. (1966). *The Uneasy Case for Progressive Taxation*. Chicago: University of Chicago Press.
- Buchanan, J. (2000). „The Ethical Limits of Taxation“, í *Debts and Taxes*, 212–227. Indianapolis: Liberty Fund.
- Hagstofa Íslands (2007). „Lágtekjumörk og tekjudreifing 2003–2004“, *Hagtíðindi*, nr. 1, árg. 92.
- Hannes H. Gissurarson (2007a). „Réttlæti, jöfnuður og ófund“, *Skírni*, 181(1), 82–95.
- Hannes H. Gissurarson (2007b). „Jöfnuður og sanngjörn skattlagning“, *Stjórnmal og stjórnsýsla*, 3(2), 153–153.
- Hannes H. Gissurarson (2009). *Ábrif skattabækanna á hagvæxt og lífskjör*. Reykjavík: Bókafélagið.
- Jakob F. Ásgeirsson (1988). *Þjóð í bafti. Þrjátíu ára saga verslunarfjötra á Íslandi*. Reykjavík: Almenna bókafélagið.
- Jouvenel, B. de (1990). *The Ethics of Redistribution*. Indianapolis: Liberty Fund.
- Nozick, R. (1974). *Anarchy, State and Utopia*. Oxford: Blackwell.
- Prescott, E.C., og Wallenius, J. (2007). “The Modern Theory of Aggregate Labor Supply and the Consequence of Taxes“, í Hannes H. Gissurarson og Tryggvi Þór Herbertsson (ritstj.), *Cutting Taxes to Increase Prosperity* (bls. 9–24). Reykjavík: Bókafélagið.

- Rawls, John (1971). *A Theory of Justice*. Oxford: Clarendon Press.
- Stefán Ólafsson (2006a). „Aukinn ójöfnuður á Íslandi: Áhrif stjórn mála og markaðar í fjölþjóðlegum samanburði“, *Stjórnmal og stjórnsýsla*, 2(2), 129–156.
- Stefán Ólafsson (2006b). „Stóra skattalækkunarbrellan“, í *Morgunblaðinu* 18. janúar.
- Stefán Ólafsson (2006c). „Aukning ójafnaðar á Íslandi“, í *Morgunblaðinu* 31. ágúst.
- Stefán Ólafsson og Arnaldur Sölvi Kristjánsson (2012). „Þróun tekjuskiptingarinnar á Íslandi“, *Stjórnmal og stjórnsýsla*, 8(1), 39–71.
- Weber, Max (1973). „Starf stjórnmalamannsins“, í *Mennt og máttur*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.